

Pizzaveisla

Efni:


- Kartonpappír í stærð A2
- Hlið úr pappakassa klippt til í stærð A2
- Lím
- Bókaplast
- Plöstunarfél og plast í hana
- Skæri



Aðferð:

• Prenta allt út sem er hér á næstu síðum, pizzurnar prentaðar út í þremur eintökum. Það þarf að klippa pizzurnar í allar brotastærðir sem eru notaðar (1, 1/2, 1/4, 1/8). Klippa, plasta og klippa svo aftur.

• Klippa annað efni sem á að nota og er það límt á spilaborðið eins og sjá má á myndinni. Spilaborðið er A2 karton sem er límt ofan á pappa í sömu stærð. Litlu feringarnir eru límdir í röð/leið eins og á spilaborði frá Byrja reit að Enda reit. Líma fleiri en færri og hafa nóg af reitum með brotum. Þessi mynd er af eldra spili með stærri reitum. Pizzurnar límast ekki á spilaborðið. Þegar búið er að líma allt sem á að vera á spilaborðinu er það plastað með bókaplasti.



Spilið:





- Spilið er fyrir tvo til fjóra leikmenn
- Teningi kastað og spilakarlinn færður jafnmarga reiti áfram
- Ef lent er á 1 er ein heil pizza sett í heila hringinn, ef lent er á 1/2 er hálf pizza sett á sinn stað o.s.frv. (ef t.d. aftur er lent á 1 þá er önnur heil pizza sett ofan á þá sem fyrir er)
- Spilið klárast þegar sá fyrsti kemur að endareitnum eða þegar allir eru komnir þangað, krakkarnir stjórna því sjálfir
- Þegar spilin er lokið eru pizzurnar (brotin) lagðar saman til að finna út hve margar heilar pizzur hver safnaði á leiðinni. Einnig geta allir spilarar lagt saman sínar pizzur og reiknað hve mörgum pizzum samtals allir söfnuðu á leiðinni.



















Lituðu hringirnir eru klipptir út heilir og límdir á spilaborðið. Þetta er „heimahöfn“ hvers spilara.









Byrja

Enda

1	1	1	1	1	1
1	1	1	1	1/2	1/2
1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2
1/2	1/2	1/2	1/2	1/4	1/4
1/4	1/4	1/4	1/4	1/4	1/4
1/4	1/4	1/4	1/4	1/4	1/4
1/8	1/8	1/8	1/8	1/8	1/8

$1/8$

$1/8$

$1/8$

$1/8$

$1/8$

$1/8$

$1/8$

$1/8$

$1/8$

$1/8$

